

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Akureyri 21.11.2023

Efni: Umsögn Dýralæknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi). Þingskjal 12 — 12. mál

Áður hafði Dýralæknafélag Íslands (DÍ) sent frá sér umsagnir um málið þ.e.a.s. frumvarp lagt fram á 151.,152., og 153. löggjafarþingi (15. mál og 53. mál).

Fyrri umsagnir félagsins byggja á þeim aðferðum sem notaðar eru til að **meta velferð dýra**, félagið telur að slíkt mat ætti að liggja til grundvallar umrædds frumvarps (12. mál).

Alþjóðlega viðurkennt mat á dýravelferð er byggt á fimm sviðum (Mellor o.fl. 2015). Fjögur þeirra lúta að líkamlegum/starfrænum þörfum (e. *physical/functional*) eða svið næringar, svið umhverfis, svið líkamlegs heilbrigðis, svið atferlis og samskipta. Fimmta sviðið lýtur að andlegu ástandi (e. *mental*).

Það er mat DÍ að ef horft er á hin fimm svið dýravelferðar og búgreinina blóðmerahald þá eru ýmsir þættir búgreinarinnar sem uppfylla kröfur um velferð dýra. Hins vegar hefur DÍ áður bent á að **nauðsynlegt er að afla frekari gagna af óháðum aðila til að sannreyna hvaða áhrif blóðtökunnar hafa á líkamlega þætti hjá hryssunum**. Þetta er meðal annars mikilvægt þar sem **heildarmagn** blóðs sem tekið er úr hryssunni við hverja blóðtöku hefur verið mjög umdeilt. Fjárveiting fékkst til að hefja slíka rannsókn af óháðum aðilum, og er sú rannsókn mun umfangsmeiri en fyrri rannsóknir. Þar er meðal annars verið að skoða blóðhag, blóðefnastöðu og aðra þætti til að meta áhrif blóðtökunnar á hryssuna og um leið hvort blóðtakan gangi of nærri dýrunum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar hafi ekki verið birtar. Þrátt fyrir að niðurstöður Matvælastofnunar úr reglubundnu eftirliti sýni að hryssurnar ná háum meðalaldri og fyljunarhlutfalli, og lítið er um afföll eða slysi í greininni, þá telur DÍ engu að síður afar mikilvægt að afla sé vísindalegra gagna sem sýna **fram á með óbyggjandi hætti hvaða áhrif blóðtakan hefur á heilbrigði og velferð** þessara dýra.

Myndbönd evrópskra dýraverndarsamtaka urðu hvati að mikilli gagnrýni á greinina sem hefur meðal annars leitt til háværrar umræðu um bann við blóðtöku til framleiðslu á PMSG/eCG hormóninu. Þessar gagnrýnisraddir heyrast áfram hérlendis sem og erlendis. Í myndböndunum mátti sjá atvik þar sem dýrunum var sýnd harðýðgi og mannvonska, nokkuð sem allir eru sammála um að er með öllu óásættanlegt. DÍ vill taka það fram að það sé þó aldrei réttlætanlegt að setja þessi myndbönd sem mælikvarða á það hvernig meðferð og umgjörð dýra í þessari búgrein er. Það er mikil rangtúlkun og ekki í samræmi við reynslu þeirra dýralækna sem hafa starfað við greinina í mörg ár. Hins vegar telur DÍ að sem liður í því að fyrirbyggja og auka fræðslu og þekkingu um atferli og jákvæðar aðferðir við þjálfun þessara dýra, þá sé nauðsynlegt að setja á fót **þjálfunarnámskeið fyrir starfsfólk, eigendur og umráðmenn þessara hryssa**. Áhersla væri lögð á atferli og velferð hrossa, jákvæðar aðferðir við þjálfun, nærgætni í umgengni og viðbrögð dýranna við ólíkum aðstæðum.

DÍ bendir einnig á **mikilvægi þjálfunar og hæfni** dýralækna sem starfa við blóðtökuna og það lykilhlutverk sem dýralæknar gegna þegar kemur að því að tryggja velferð hryssna við blóðtöku. Ábyrgð og skuldbinding dýralæknisins er mikil þegar kemur að því að blóðtakan gangi hratt og örugglega fyrir sig, án óþarfa streitu fyrir dýrin.



Dí telur rökin fyrir því að banna búgreinina þurfa að vera skýr, þau þurfa að vera byggð á staðreyndum, ekki tilfinningum. Rökin þurfa að vera að einn eða fleiri skilgreindir þættir dýravelferðar séu fyrir borð bornir.

Í greinargerð flutningsmanna frumvarpsins **eru að mati Dí ekki færð rök fyrir** því að velferð blóðmera sé ógnað. Greinargerðin fjallar meðal annars um þá ímynd sem íslensk markaðssetningaröfl hafa varið miklum fjármunum í að byggja upp og höfundum þykir nú liggja undir skemmdum. Þá er talað um þá staðreynd að hryssum og folöldum sé slátrað og afurðir nýttar til manneldis eins og um óvenjulegt og neikvætt athæfi sé að ræða. Þarna virðist gleymast að á Íslandi eru hross búfé og mörgum hrossum slátrað til manneldis. Þá er því haldið fram að hryssurnar séu almennt láttnar sæta harðræði og ofbeldi. Þessar aðdróttanir eru mjög djarfar og eins og áður segir engan veginn í samræmi við þá reynslu sem dýralæknar sem hafa starfað við greinina í mörg ár hafa enda ekkert sem bendir til annars en að langflestir þessara hryssueigenda umgangist dýrin á sómasamlegan hátt og sé umhugað um þeirra velferð. Í greinargerðinni kemur fram að gildandi réttur verji ekki hryssurnar gegn ofbeldi og illri meðferð, en staðreyndin er sú að gildandi lög um velferð allra dýra banna hvers kyns ofbeldi og illa meðferð. Þeir aðilar sem ganga fram með hörku við sín hross eru brotlegir við lög um dýravelferð, hvort sem þeir stunda blóðtökur eða ekki.

Umræða um velferð dýra og vitundarvakning um mikilvægi þess að umgangast dýr af virðingu og af nærgætni er af hinu góða og í þágu dýranna. Dí bindur vonir við að sú vinna og greining sem fer fram á umgjörð búgreinarinnar skili niðurstöðum þannig að auðveldara verður að taka upplýsta ákvörðun, byggða á staðreyndum og vísindalegum rökum, um velferð hryssnanna.

Virðingarfyllst

Bára Eyfjörð Heimisdóttir

Formaður Dí